

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
[postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)

Reykjavík, 15. desember 2020

## **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Kríu- sprotta- og nýsköpunarsjóð**

Samtök sprotafyrirtækja (SSP) taka til umsagnar drög að reglugerð um Kríu- sprotta- og nýsköpunarsjóð. SSP fagnar stofnun Kríu en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna umræddrar reglugerðar.

SSP ítrekar umsögn um lagafrumvarp Kríu og leggur áherslu á að að faglega sé skipað í stjórn Kríu og kveðið á um hæfniskröfur, t.d. um reynslu af nýsköpun, tækni og fjárfestingum. Mikilvæg er að stjórn Kríu sé faglega skipuð en ekki pólitískt afl sem stýri VC sjóðamyndun á Íslandi, að markaðslögmál ráði. Einnig er mikilvægt að meðfjárfestar í sjóðum sem Kría fjárfestir í fái ekki sérkjör við kaup hluta Kríu því það skekkir samkeppnisstöðu og best fyrir nýsköpunarumhverfið að Kría hámarki fjárfestinguna.

Um einstakar greinar reglugerðar:

**4 grein:** SSP tekur undir umsögn Verkfræðingafélagsins um að tíðni stjórnarfunda og þar með fjárfestingarákvarðana er ekki í samræmi við hraðvaxtaumhverfið sem nýsköpunarfyrirtæki og vísisjóðir starfa í. Umsóknarfrestur einu sinni á ári er að mati SSP ekki nægilegur og verður til þess að draga úr sveigjanleika vísisjóðakerfisins. SSP leggur til að umsóknarfrestir verði að minnsta kosti ársfjórðungslega.

### **5. grein:**

- Skilyrði 1: SSP tekur undir með Verkfræðingafélaginu um að krafa um stærð sjóðanna sé takmarkandi. SSP leggur til að stærð sjóðanna megi vera sveigjanlegri og að opna megi fyrir enn minni sjóði því það getur aukið á fjölbreytni og nýliðun.
- Skilyrði 2: Skýra þarf betur skilgreiningu á einkafjárfesti, til að mynda að taka af allan vafa um að lífeyrissjóðir flokkist þar undir.
- Skilyrði 5: Til að koma í veg fyrir að sjóðir hætti fjárfestingum meðan beðið er ákvörðunar um hvort hann hljóti fjármögnun frá Kríu er gott að miðað sé við hærra fjárfestingarhlutfall, t.d. 30%. Þetta er einkum mikilvægt ef tíðni úthlutana verður ekki aukin.
- Skilyrði 6b: Skilgreining á sprotta- og nýsköpunarfélagi. Hvenær er snemma í ferlinu? Ákvæðið má ekki takmarka getu sjóðanna til eftirfylgni fjárfestinga. Markmiðið með fjárfestingunum er að félögin sem fjárfest er í vaxi hratt og dafni. Algengt er að sjóðir taki frá fjármuni til að fylgja eftir fjárfestingum og hagnist á því.

**6. grein:** Langur tími til að fara yfir umsóknir (6 vikur) og til að senda út tilkynningu (2 vikur).

Jafnframt vilja SSP benda á að skýr þátttökuskilyrði þurfi að liggja fyrir frá Kríu frá upphafi því ógerlegt verði fyrir sjóði að semja um sérkjör við Kríu eftir að hafa fjármagnað 70% af heildar stofnfé sínu. Ólíklegt verður að teljast að nokkur aðili muni skuldbinda sig viðkomandi sjóði ef samningar eru opnir fyrir þann sem kemur inn síðastur (Kría). Það er mikilvægt að hægt sé að sækja um mótframlag frá Kríu með fyrirvara um fjármögnun. Að lokum vill SSP þakka fyrir þetta framlag til að bæta fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja.